29.03.2021

UPPLÝSINGAR UM ÖRUGGA MEÐHÖNDLUN

T-20



Birta öryggisblað

Merkiorð	Hætta
Hættusetningar	H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.

Almennt

Vörunúmer	1476084, 1476086, 1476088
Notkun efnis / blöndu	Hreinsiefni

Skyndihjálparaðferðir

Almennt	Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart. Sýnið þetta öryggisblað.
Innöndun	Ef viðkomandi á erfitt með öndun skal flytja hann í ferskt loft og láta hann hvílast í stellingu sem léttir öndun. Leitið til læknis ef óþægindi hverfa ekki.
Snerting við húð	Skolið húðina vandlega með vatni. Ef efnið ertir húð: Leitið læknis.
Snerting við augu	Lyftið augnlokunum og skolið tafarlaust með nógu af vatni. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Leitið læknishjálpar tafarlaust! Haldið áfram skolun á leiðinni á slysavarðstofu.
Inntaka	Skolið munninn vandlega. Drekkið nokkur glös af vatni eða mjólk. Leitið umsvifalaust læknis
Bráð einkenni og áhrif	Getur valdið alvarlegum augnskaða. Sjá einnig lið 11.1 undir "Möguleg bráð áhrif".
Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk	ÆTANDI EFNI: BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram

Hlífðarbúnaður

Tákn	
Váhrifavarnir	Hlífðarbúnað skal velja samkvæmt gildandi CEN-stöðlum og í samvinnu við birgi hlífðarbúnaðar. Mælt er með hlífðarhönskum og -gleraugum. Augnskolflaska á að vera á vinnustaðnum.
Augnhlífar	Notið viðurkennd öryggisgleraugu eða andlitsgrímu. Öryggisgleraugu skulu vera með hliðarhlífum.
Viðeigandi augnhlífar	Öryggisgleraugu skulu vera með hliðarhlífum.
Viðbótarráðstafanir til hlífðar augum	Tryggið greiðan aðgang að hreinu rennandi vatni og/eða augnskolunarbúnaði.
Handhlífar	Efnaþolnir hanskar eru nauðsynlegir fyrir langvarandi eða endurtekna snertingu.
Húð- / handhlífar, skammtíma snerting	Nitril gúmmí: Gegndræpi: >= 30 mín Þykkt: >= 0,4 mm
Húð- / handhlífar, langvarandi snerting	Bútýlgúmmí: Gegndræpi: >= 480 mín Þykkt: >= 0,7 mm
Viðeigandi efni	Bútýlgúmmíi. Nítríli. Klóróprengúmmíi. Pólývínylklóríði (PVC). Gúmmíi (náttúrulegu, latexi).
Öndunarvernd	Öndunarbúnaðar er ekki þörf við venjulegar aðstæður. Við ónóga loftræstingu eða vegna hættu á innöndun gufa er hægt að nota viðeigandi öndunargrímu með síu (af A2/P2 gerð).

Húðvernd (annars staðar en á höndum)	Klæðist viðeigandi hlífðarfatnaði sem vörn gegn skvettum eða mengun.

Ráðstafanir við slökkvistörf

Viðeigandi slökkvimiðill	Vatnsúði, froða, þurrt duft eða koltvísýringur.
Eld- og sprengihætta	Engin óvenjuleg hætta á eldi eða sprengingu tiltekin.
Aðferðir við slökkvistörf	Beitið eðlilegum varúðarráðstöfunum við slökkvistörf og verið í hæfilegri fjarlægð frá eldinum
Hlífðarbúnaður	Notið öndunarhlífar Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.

Rástafanir vegna losunar eða efnaleka

Almennar ráðstafanir	Stöðvið leka ef það er óhætt.
Varúðarráðstafanir einstaklings	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
Umhverfisráðstafanir	Forðist losun út í umhverfið. Safnið leka saman og fargið honum eins og lýst er í kafla 13.
Afmörkun	Geymist í lokuðu íláti
Aðrar leiðbeiningar	Sjá liði 8 og 13.

Ábyrgt fyrirtæki

Heiti fyrirtækis	Tandur h.f.
	110 Reykjavík
Land	Ísland
Sími	00354 510 1200
Neyðarsími	112 NEYÐARNÚMER 543-2222 EITRUNARMIÐSTÖÐ